

Fundargerð 70. fundur Hafnarstjórnar

Hafnarstjórn hélt fund fimmtdaginn 30. janúar 2014 kl. 21:00 í Ráðhúsi Stykkishólmsbæjar.

Mættir: Alex Páll Ólafsson, Páll Guðmundsson, Guðmundur K. Björnsson, Hafdís Björgvinsdóttir, Sigrún Svavarsdóttir, Hrannar Pétursson og Gyða Steinsdóttir.

Dagskrá:

1. Gjaldskrá Stykkishólmsbæjar 2014

Lagt er til að gjaldskrá hafnarinnar fylgi hækkun vísitölu neysluverðs eins og verið hefur og hækki miðað við 1.1.2014.

2. Framkvæmdir í Stykkishólmshöfn.

Framundan er lenging ferjubryggju um 12 m. Útboð verður auglýst um næstu helgi. Útboðum skal skila inn fyrir 18. 2.2014 og skal verkinu lokið eigi síðar en 31.5.2014.

Gengið var til samninga við Skipavík ehf um byggingu tveggja nýrra flotbryggja neðan við afgreiðslu Sæferða. Gert er ráð fyrir að verkinu verði lokið 31.3.2014.

3. Aðstaða fyrir báta til að fjara vegna viðhalds og viðgerða.

Hafnarstjórn leggur til að gerð verði aðstaða fyrir smábáta til að fjara svo hægt verði að vinna við minni báta sem ekki komast í slippinn hjá Skipavík. Leggur Hafnarstjórn til að byggingarfulltrúa og hafnarverði verði falið að skoða mögulegar staðsetningar. Telur hafnarstjórn svæðið í norðanverðri Maðkavík henta vel. Skoða mætti gjalddöku fyrir slíkt svæði sem myndi standa undir framkvæmdakostnaði. Aðstaða sem þessi hefur reynst vel í Grundarfirði.

4. Önnur mál.

Rætt var um skipulag hafnarsvæðis við Skipavík, geymslu báta og bátakerra.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 21:35

Fundi slitið kl. 22:50

Alex P. Ólafsson	Sigrún Svavarsdóttir
Guðmundur K. Björnsson	Páll Guðmundsson
Hrannar Pétursson	Gyða Steinsdóttir